



Ríkismennt
þróunar- og símenntunarsjóður

Ársskýrsla 2005



Starfsgreinasamband
Íslands



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Starfsemi Ríkismenntar SGS árið 2005

Formáli

Í byrjun sumars 2005 tók nýr fræðslusjóður til starfa, Ríkismennt SGS, þróunar-og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands (SGS). Stofnað var til þessa fræðslusjóðs skv. síðustu kjarasamningum ríkisins og Starfsgreinasambands Íslands en sjóðurinn tók formlega til starfa 1. júní 2005. Hér er um álíka fræðslusjóð að ræða og Landsmennt, Sjómennt og Starfsafl en þeir sjóðir hafa verið starfsræktir sl. fimm ár skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins, Sjómannasambandsins og LÍÚ/SA og Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins.

Ákveðið var að gera þjónustusamning við Landsmennt um rekstur og umsjón með starfseminni þannig að skrifstofa Ríkismenntar er sú sama og Landsmenntar að Grensásvegi 16A í Reykjavík.

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi starfsmenntunar. Aukin hæfni og starfstengd menntun félagsmanna aðildarféлага Starfsgreinasambandsins sem starfa hjá ríkinu eru nauðsynlegir þættir vegna sífellt fjölbreyttari verkefna. Því er markmið sjóðsins annars vegar að efla símenntun starfsmanna og hins vegar að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til stofnana á hverjum tíma. Til þess að ná framangreindum markmiðum er m.a. leitað samstarfs við önnur stéttarfélög og einstakar stofnanir eða ráðuneyti til að koma á starfstengdum námskeiðum sem starfsmenn geti sótt án verulegs kostnaðar.

Greitt er til sjóðsins samtals 0,57% á laun starfsmanna skv. kjarasamningi. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir og sinnir hlutverki sínu með eftirfarandi hætti:

- a) Þróunar-og stofnanadeild (0,35%)
 - Veitir styrki til fræðsluverkefna hjá þeim stofnunum og vinnuveitendum sem í sjóðinn greiða
 - Veitir styrki til fræðsluverkefna hjá þeim stéttarfélögum sem að sjóðnum standa
 - Fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- b) Starfs-og símenntunardeild (0,22%)
 - Veitir styrki til einstaklinga, félagsmanna aðildarfélaganna, til þess að þeir geti átt kost á að sækja nám/námskeið með vinnu án verulegs kostnaðar.

Heildarframlög til beggja deilda sjóðsins árið 2005 voru kr. 13.327.069.-

Heildarupphæð úttektar var kr. 3.198.638.- en þar af voru greiðslur styrkja úr báðum deildum kr. 1.722.521.- laun og launatengd gjöld kr. 254.546.- og annar rekstrarkostnaður ásamt stofnkostnaði kr. 766.571.-

Sá háttur er hafður á einstaklingsstyrkjum að hver félagsmaður getur sótt um styrk til síns verkalýðsfélags sem metur umsóknina og afgreiðir styrkinn eftir starfsreglum Ríkismenntarr. Verkalýðsfélagið sækir síðan um endurgreiðslu til Ríkismenntar. Þannig eru það verkalýðsfélögin sem sjá alfarið um afgreiðslu einstaklingsstyrkjanna. Öllum vafaatriðum vegna einstaklingsstyrkja er vísað til forstöðumanns eða stjórnar og ef einstaklingar eru ósáttir við þá afgreiðslu sem þeir fá þá hafa þeir möguleika á að vísa umsókn sinni til stjórnar Ríkismenntar til afgreiðslu.

Þær umsóknir sem berast til Þróunar-og stofnanadeildar sjóðsins eru sendar á skrifstofu sjóðsins og afgreiddar af stjórn sjóðsins sem kemur saman að lágmarki einu sinni í mánuði.

Hugmyndir og frumkvæði félagsmanna verkalýðsfélaga og stofnana/vinnuveitenda að nýjum fræðslumöguleikum eru forsenda þess að vel takist til með verkefni Ríkismenntar því sjóðurinn eru jú hugsaður til hagsbóta fyrir bæði stofnanirnar og starfsmenn þeirra.

Stjórn og starfsmaður:

Stjórn Ríkismenntar SGS er skipuð fjórum fulltrúum sem eru eftirfarandi:

Fulltrúar Starfsgreinasambands Íslands:

Signý Jóhannesdóttir, formaður stjórnar, formaður Vlf. Vöku á Siglufirði
Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands

Fulltrúar ríkisins

Sonja M. Hreiðarsdóttir, lögfræðingur starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins
Ásgeir M. Kristinsson, forstöðumaður starfsmannadeildar Vegagerðarinnar.

Í júní 2005 var undirritaður þjónustusamningur um rekstur verkefnisins við Landsmennt, starfsmenntun SA og verkafólks á landsbyggðinni og hefur því forstöðumaður Landsmenntar, Kristín Njálisdóttir umsjón með starfsemi Ríkismenntar SGS.

Forstöðumaður og stjórn héldu samtals 5 fund á tímabilinu júní 2005 til loka ársins.

Helstu verkefni Ríkismenntar SGS:

Eins og fram kemur í formála þá skiptist sjóðurinn í tvær deildir, þróunar-og stofnanadeild og starfs-og símenntunardeild. Markmið sjóðsins er annars vegar að efla símenntun starfsmanna og hins vegar að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til stofnana á hverjum tíma.

Stjórn Ríkismenntar setur sér nánari vinnureglur um úthlutun allra styrkja en aðildarfélögin sjá um greiðslu einstaklingsstyrkja í umboði Ríkismenntar.

Afgreidd voru sex verkefni á árinu og eru þau eftirfarandi:

- Fagnámskeið fyrir heilbrigðisstarfsmenn hjá Heilbrigðisstofnunum á Norðurlandi vestra í samstarfi við stéttarfélögin á svæðinu
- Fagnámskeið I og Fagnámskeið II hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
- Samskiptanámskeið hjá Menntaskólanum á Akureyri
- Skyndihjálpar, siðfræði, einelti og rétt líkamsbeiting við vinnu hjá Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar í samstarfi við Vlf. Vöku
- Heilsuskólinn hjá Heilbrigðisstofnun Húsavíkur

Heildarkostnaður sjóðsins vegna styrkloforða til ofantalinna verkefna er kr. 3.040.093.- Gerð voru upp þrjú verkefni á árinu að upphæð kr. 1.197.373.-


Einstaklingsstyrkir:

Greiddir voru styrkir til 26 einstaklinga en þess ber að geta að fram til 1. júní 2005 greiddi Landsmennt út einstaklingsstyrki til ríkisstarfsmanna innan SGS og voru það 143 einstaklingar. Heildarupphæð einstaklingsstyrkja Ríkismenntar var kr. 525.148.- Meðaltal styrkuppþæðar á hvern einstakling var því kr. 20.198.-


Flokkun námskeiða var með sama hætti og hjá Landsmennt en þar er um að ræða 11 flokka.

Eftirfarandi myndir skýra nánar hvernig einstaklingsstyrkir skiptust á mismunandi nám/námskeið og skiptingin á milli karla og kvenna ásamt aldursdreifingu. Styrkirnir skiptust á 8 stéttarfélög en aðildarfélög Ríkismenntar eru 26 að tölu.


Skipting eftir námi/námsk. 2005



Einstaklingsstyrkir 2005: Kynjaskipting



Aldursdreifing einstaklingsstyrkja 2005



Kynningar-og hvatningastarf:

Fyrir utan þau verkefni sem nefnd hafa verið hér að ofan þá hefur forstöðumaður heimsótt allar heilbrigðisstofnanir landsbyggðarinnar utan tvær og einnig voru höfuðstöðvar Landgræðslunnar heimsóttar. Í þessum heimsóknum var sjóðurinn kynntur ásamt því að farið var yfir hvernig fræðslumálum er háttað hjá hverri stofnun fyrir sig. Svona heimsóknir eru mjög mikilvægar því persónuleg samskipti af þessum toga eru greinilega að skila árangri hvað varðar kynningu sjóðsins og hvatningu til fræðslu almennt.

Í lok ágúst 2005 kom út kynningarbæklingur um starfsemi sjóðsins ásamt því að opnuð var heimasíða þar sem hægt er að nálgast nánari upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum. Bæklingnum var dreift í viku símenntunar í september og einnig inn á þær stofnanir sem forstöðumaður heimsótti sérstaklega. Þá var skrifuð grein um starfsemina sem birtist í sérstöku menntablaði Morgunblaðsins í ágúst ásamt því að sett var auglýsing í blaðið. Viðkomandi grein var síðan birt í nokkrum félagsritum stéttarfélaganna um veturinn.

Með tilkomu Ríkismenntar SGS þá hafa mörg áhugaverð verkefni orðið til og nokkrar ríkisstofnanir þegar komnar vel á veg með að skipuleggja sí-og endurmenntun fyrir sitt starfsfólk. Fleiri heimsóknir eru ráðgerðar ásamt því að forstöðumaður reynir að vera í sem bestu sambandi við aðildarfélög sjóðsins.

Símenntun er hagar allra og því er menntun í atvinnulífinu sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni atvinnurekenda og stéttarféлага. Mikilvægt er að starfsmenn og stjórnendur ríkisstofnana standi saman að skipulagningu fræðslu og eigi sameiginlegt frumkvæði að því auka menntun meðal launafólks.

Reykjavík, 12. maí 2006
Kristín Njálisdóttir.